



Reykjavík, 19. mars 2024

MSS24030048

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sparnað vegna niðurlagningu Borgarskjalasafns

Á fundi borgarráðs 7. mars 2024 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver verður sparnaður af niðurlagningu Borgarskjalasafns og flutning gagna þess á Þjóðskjalasafn þegar búið verður að samþykkja lög (drög af frumvarpi til laga liggur nú fyrir), sem kveða á um að þegar skjöl sveitarfélags eru afhent Þjóðskjalasafni Íslands skal greiða fyrir móttöku þeirra, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit samkvæmt gjaldskrá?

Greinargerð fylgir fyrirspurninni.

Eins og fram kemur í fyrirspurninni liggur nú í samráðsgátt frumvarp til breytinga á lögum um opinber skjalasöfn. Samráði er nýlokið og bárust 11 umsagnir. Í fyrirspurninni er óskað eftir útreikningum á væntanlegum sparnaði vegna niðurlagningu Borgarskjalasafns þegar/ef framvarpið verður samþykkt.

Tölulegar upplýsingar um væntanleg áhrif frumvarpa sem enn eru í samráðsferli og ekki hefur verið unnið út fyrstu athugasemdum liggja almennt ekki fyrir á þessu stigi. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að meta fjárhagsleg áhrif breytinganna þegar endanlegt lagafrumvarp liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík